

PRIF OG SÓTTFREINSUN Á HESTAKERRUM OG HESTAFLOTNINGABÍLUM

1. Undirbúningur

- Útvegið lág- eða háþrýstidælu.
- Akið bílnum/kerrunni á steinsteypt þvottaplan.

2. Grófhreinsun

- Fjarlægið allan lausan skít og óhreinindi úr bílnum/vagninum með bursta og sköfu, bæði að innan og utan; af lofti, veggjum, grindum, gólfi, undirvagni, dekkjum o.s.frv.

3. Sápun

- Blandið Biosolve®* í hlutföllunum **2:100** (2 lítrar af efninu í hverja 100 lítra af vatni).
- Úðið u.þ.b. **250 ml** á hvern fermetra. Notið lágan þrýsting.
- Látið bíða í 20 mínútur.

4. Þvottur

- Þvoið alla fleti bílsins/kerrunnar bæði að innan og utan með bursta. Byrjið efst og vinnið ykkur svo niður. Verið sérstaklega nákvæm með samskeyti, sprungur og aðra staði þar sem hætta er á að óhreinindi safnist fyrir.

5. Skolun

- Skolið að lokum með hreinu vatni með lág- eða háþrýstingi.
- Munið að þvo alla lausa hluti á sama hátt.

6. Þurrkun

- Látið þorna.

7. Sótthreinsun

- Blandið VirkonS®* í hlutföllunum **1:100** (100 g af efninu í hverja 10 lítra af vatni).
- Úðið u.þ.b. **300 ml** á hvern fermetra. Notið lágan þrýsting. Úðið á alla fleti bílsins bæði að innan og utan. Gætið sérstaklega vel að því að úða vel á undirvagn, dekk og aurlífar.
- Munið að sótthreinsa alla lausa hluti á sama hátt.
- Látið sótthreinsiefnið liggja á að lágmarki í 30 mínútur.

8. Þrif og sótthreinsun á stjórnrymi

- Takið alla lausa hluti út úr stjórnryminu.
- Hreinsið gólf og fótstig með sópi.
- Hendið sandi, mold og rusli í sömu ílát og skít úr flutningsrymi.
- Berið Biosolve^{®*}, í hlutföllunum **2:100** (2 lítrar af efninu í hverja 100 lítra af vatni), á gólf, mottur og fótstig með mjúkum bursta.
- Látið bíða í 10 mínútur og hreinsið svo með hreinu vatni.
- Þvoið allt stjórnrymið og alla lausa hluti með vatni og sápu.
- Berið VirkonS^{®*} í hlutföllunum **1:100** (100 g af efninu í hverja 10 lítra af vatni) á gólf, mottur og fótstig með hreinum klút.

9. Að lokum

- Akið bílnum af þvottaplaninu, leggið honum í halla og látið hann þorna.
- Þvoið þvottaplanið með Biosolve^{®*} og fjarlægið öll óhreinindi.
- Sótthreinsið þvottaplanið með VirkonS^{®*}.
- Þvoið og sótthreinsið hlífðarfatnað og stígvél.

***Nota má önnur sambærileg sápu- og sótthreinsiefni.**